

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 1. gr.:
 - a. Í stað orðanna „frá gildistöku þessa ákvæðis til 1. janúar 2009“ komi: frá og með 7. október 2008 til og með 31. desember 2009.
 - b. Við greinina bætist nýr liður, svohljóðandi: Við lögum bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
 - a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal þegar fasteignaveðskuldabréf einstaklings er, á tímabilinu frá og með 7. október 2008 til og með 31. desember 2009, endurnýjað með nýju fasteignaveðskuldabréfi sem kemur í stað þess eldra, ekki greiða stimpilgjald af þeim hluta nýja fasteignaveðskuldabréfsins sem svarar til uppreiknaðs virðis eldra fasteignaveðskuldabréfsins ásamt vanskilum. Er ákvæði þetta óháð því hvort um nýjan kröfuhafa er að ræða samkvæmt hinu nýja fasteignaveðskuldabréfi.
 - b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laganna skal ekki greiða stimpilgjald af þeim kröfuhafaskiptum á fasteignaveðskuldabréfum sem til koma ef Íbúðalánasjóður nýtir þá heimild sem honum er veitt í V. kafla laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., til að kaupa skuldabréf fjármálafyrirtækja sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði.
2. Við bætist ný grein, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laganna skal ekki greiða þinglýsingargjald af skjölum sem stimpilfrjáls eru samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II–IV í lögum um stimpilgjald.